

43. fundur hverfisnefndar lunda- og gerðahverfis haldinn á Bláu könnunni 26. sept. 2011

Mættir: Guðjón Ingvi Geirmundsson, Elvar Sævarsson, Gestur Geirsson, Þorberg Þ. Þorbergsson, Arnheiður Jóhannsdóttir og Svala Björnsdóttir.

Svala Björnsdóttir ritaði fundargerð.

1. Skipan í embætti

Ræddum og veltum vöngum yfir mögulegri skiptingu nefndarmanna í embætti, að lokum varð niðurstaðan eftirfarandi:

Elvar Sævarsson formaður
Guðjón Ingvi Geirmundsson varaformaður
Svala Björnsdóttir ritari
Þorberg Þ. Þorbergsson gjaldkeri
Gígja Ívarsdóttir meðstjórnandi
Arnheiður Jóhannsdóttir varamaður
Gestur Geirsson varamaður

2. Dalsbraut

Umræður um Dalsbraut voru okkar aðal málefni á fundinum. Veltum vöngum yfir hverjar okkar kröfur væru og hvað við gætum mögulega gert til að hafa áhrif á deiliskipulag brautarinnar. Nefndin var sammála um að Dalsbraut væri óþörf og framkvæmdin ekki tímabær þar sem önnur verkefni ættu að vera í forgangi hjá bæjaryfirvöldum. Mikil umræða skapaðist um hættu á jarðsigi við framkvæmdirnar. Teljum einnig að aukinn kostnaður skapist í skólakerfinu vegna gangbrautarvörslu á brautinni og má skólinn ekki við því. Einnig aukast útgjöld bæjarsjóðs vegna snjómoksturs. Miðað við umfjöllun brautarinnar undanfarið vorum við sammála um að það væri verið að búa til rígs á milli Naustahverfis og Lunda- og gerðahverfis og þykir okkur það miður. Almennar umræður urðu í kjölfarið þar sem við fórum yfir næstu skref nefndarinnar.

Fundi slitið kl. 22.00

Næsti fundur mánudaginn 3. okt. Kl. 20.30

Fundargerð ritaði,

Svala Björnsdóttir.